

# **Álklasinn, félagasamtök**

Ársreikningur 2016

Álklasinn, félagasamtök  
Árleyri 2-8  
112 Reykjavík

Kt. 521015-0120

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnenda .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnenda

---

Árið 2016 var annað starfsár Álklasans. Aðalfundur starfsárs 2015 var haldinn 26. maí 2016 og var á þeim fundi samþykktur viðauki við stofnsamþykktir varðandi aðild sprotafyrirtækja að Álklasanum. Þá var samþykkt að halda síðareglum óbreyttum og sömuleiðis var engin breyting gerð á klasagjöldum. Á starfári 2016 voru 34 fyrirtæki og stofnanir í Álklasanum. Samþykktir og síðareglur Álklasans má nálgast á vefsíðu klasans, [www.alklasinn.is](http://www.alklasinn.is). Á meðal klasameðlima eru verkfræðistofur, vélsmiðjur, tæknifyrirtæki, málmsteypur, skipafélög, verktakafyrirtæki, fjármálastofnanir, rannsókn- og menntastofnanir, auk álveranna þriggja á Íslandi.

Verkefni klasans á árinu snérust að áframhaldandi eflingu klasans og uppbygginu starfseminnar. Skilgreining Álsprotá sem aðildarforms innan Álklasans var samþykkt á síðasta aðalfundi og eru nú þrjú sprotafyrirtæki með Álsprotá aðild. Auk starfsemi verkefnahópa og kaffiheimsóknar í Fablab Reykjavík, stóð klasinn fyrir fyrsta Nýsköpunarmóti Álklasans í samstarfi við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Yfir hundrað manns sóttu mótið sem að þessu sinni var haldið í hátíðarsal Háskóla Íslands. Tilgangur mótsins var að kynna árangur af rannsókn- og þróunarverkefnum og ræða tækifæri á nýjum tækifærum framþróunar og verðmætasköpunar í áliðnaði. Þá var á árinu opnuð hugmyndagátt á vefsíðu Álklasans. Gáttin er hugsuð til þess að miðla hugmyndum milli iðnaðar og háskóla, þar getur starfsfólk og sérfræðingar í iðnaði sett fram áhugaverðar hugmyndir að verkefnum fyrir háskólanema sem eru að leita sér að hugmyndum að lokaverkefnum eða sumarverkefnum. Í samstarfi við Íslandsstofu og Samál er nú unnið að kortlagningu útflutningstækifæra þeirra fyrirtækja sem stafa á sviði áliðnaðar á Íslandi. Markmiðið með þessu verkefni er að fá yfirsýn yfir hindranir, möguleg samstarfsverkefni og þau sóknarfæri sem eru í sjónmáli hjá fyrirtækjum sem horfa til útflutnings. Þá hefur Álklasinn á starfsárinu haldið áfram að styrkja samstarfi við Eyde klasann í Noregi og skoðar nú nýja samstarfsmöguleika í kjölfar þess að klasanum var boðið að koma og kynna starfsemi sína á stórrí ráðstefnu, Aluminium Valley in Business Trade Show 2017. Þar var komið á sambandi við tvo álklasa í Kanada, Aluminium Valley Society og AluQuebec og unnið er að því að skilgreina formlegt samstarf við þá klasa.

Á starfsárinu urðu tvær breytingar á fulltrúum klasaaðila í stjórn; Gunnar Sverrir Gunnarsson tók við af Eyjólfí Árna Rafnssyni sem fulltrúi Mannvits og Brynja Silness tók við af Matthíasi Matthíassyni sem fulltrúi Kratus Als.

Stjórn og framkvæmdastjóri Álklasans staðfesta hér með ársreikning hans fyrir árið 2016 og leggja til við aðalfund að ársreikningurinn verði samþykktur.

Reykjavík, 31. maí 2017.

Stjórn:

Guðrún Arnbjörg Sævarsdóttir  
Pétur Blöndal  
Gunnar Sverrir Gunnarsson  
Ormarr Örylgsson  
Jóna Árný Þórðardóttir  
Brynjar Bragason  
Ásbjörn Skúlason  
Kári Pálsson  
Skapti Valsson  
Sigurlaug Ómarsdóttir  
Hjálmar Árnason  
Brynja Silness  
Ágúst Hafberg  
Þorsteinn Ingi Sigfússon  
Arthur Skúlason  
Bryndís Skúladóttir

Framkvæmdastjóri:

Guðbjörg Hrönn Óskarsdóttir

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Stjórn og félagsmenn Álklasans, félagasamtaka.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Álklasans, félagasamtaka („félagið“) fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2016 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Reykjavík, 31. maí 2017.

**KPMG ehf.**

Alexander G. Eðvardsson

## Rekstrarreikningur árið 2016

---

	2016	2015
<b>Rekstrartekjur</b>		
Árgjöld .....	6.450.000	6.390.000
Árgjöld vegna stjórnarsetu .....	1.260.000	1.440.000
Styrkir frá stofnunum .....	855.492	0
Vaxtatekjur .....	42.664	29.036
	<u>8.608.156</u>	<u>7.859.036</u>
<b>Rekstrargjöld</b>		
Aðkeypt þjónusta .....	6.810.502	3.977.793
Ferðakostnaður .....	371.840	203.186
Sími og internet .....	117.905	183.920
Fundir og mannfagnaðir .....	227.193	44.880
Annar kostnaður .....	51.192	8.193
	<u>7.578.632</u>	<u>4.417.972</u>
<b>Hagnaður ársins</b> .....	<u>1.029.524</u>	<u>3.441.064</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2016

---

	2016	2015
<b>Eignir</b>		
Viðskiptakröfur .....	1.050.000	1.050.000
Handbært fé .....	<u>4.189.516</u>	<u>6.363.857</u>
Veltufjármunir	<u>5.239.516</u>	<u>7.413.857</u>
<b>Eignir samtals</b>	<u><u>5.239.516</u></u>	<u><u>7.413.857</u></u>
<b>Eigið fé</b>		
Eigið fé .....	<u>4.470.588</u>	<u>3.441.064</u>
Eigið fé	<u>4.470.588</u>	<u>3.441.064</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Ógreiddur kostnaður .....	<u>768.928</u>	<u>3.972.793</u>
Skuldir	<u>768.928</u>	<u>3.972.793</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<u><u>5.239.516</u></u>	<u><u>7.413.857</u></u>

## Sjóðstreymisýfirlit árið 2016

---

	2016	2015
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Hagnaður ársins .....	1.029.524	3.441.064
Breytingar rekstartengda eigna og skulda:		
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) .....	0	( 1.050.000)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun .....	( 3.203.865)	3.972.793
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda	( 3.203.865)	2.922.793
Handbært fé (til) frá rekstri	( 2.174.341)	6.363.857
<b>Breyting á handbæru fé .....</b>	( 2.174.341)	6.363.857
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>	6.363.857	0
<b>Handbært fé í lok ársins .....</b>	<u>4.189.516</u>	<u>6.363.857</u>



# Skýringar

---

## **1. Reikningsskilaaðferðir**

### **a. Grundvöllur reikningsskilanna**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### **b. Innlausn tekna**

Árgjöld eru færð til tekna þegar þau falla til. Ef veruleg óvissa er um innheimtu árgjalda eru þau færð niður til að mæta þeirri óvissu. Niðurfærslan er færð til lækkunar á tekjufærðum árgjöldum í rekstrarreikningi.